

**Ed.**

**690. Breytingartillaga**

[129. mál]

við frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá Ragnari Arnalds og Stefáni Jónssyni.

Aftan við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða:

Áður en lög þessi koma til framkvæmda skal íbúum Akraness, Borgarfjarðar-sýslu og Kjósar- og Kjalarneshreppa í Kjósarsýslu gefinn kostur á að taka afstöðu til byggingar járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Þátttaka í atkvæðagreiðslunni er bundin við þá, sem hafa kosningarétt til Alþingis. Verði niðurstaðan sú, að meiri hluti þeirra, sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni, hafnar byggingu verksmiðjunnar koma lög þessi ekki til framkvæmda.